

**Mál nr. 439/2011****M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðatryggingar atvinnureksturs****Skemmdir á jarðstreng við notun gröfu við dýpkun á skurði 04.11. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 25.10. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 09.11. 2011.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Starfsmaður vátryggingartaka var við störf fyrir verkkaupa sem verktaki við að dýpka skurð. Við framkvæmd verksins lenti hann á jarðstreng sem rofnaði sbr. gögn málsins.

Vátryggingafélagið telur bótaskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Það telur m.a. að starfsmaður verkkaupa hafi hafi séð um skipulagningu verksins. Starfsmaður vevrkkaupta hafi talið að ekki væru strengir þarna, engar merkingar voru í jörðu um streng. Félagið telur að fylltu aðgæslu hafi verið gætt sbr. umfjöllun. Athygli vekur að “varakrafa” félagsins er sú að ef fallist verði á atvikalýsingu og málsástæður M telur félagið að greiðsluskylda geti engu að síður ekki verið fyrir hendi úr umræddri vátryggingu. Félagið vísar til ákvæði skilmála nr. 4.7 þar sem fram kemur að vátryggingi taki ekki til tjóns sem verðru við framkvæmdir í jörðu eins og um ræðir í máli þessu.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda fyrir hendi úr þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Samkvæmt 1. mgr. 71. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 má ekki, þar sem fjarskipti eru, m.a. gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir er af geta hlotist skemmdir á fjarskiptavirkjum nema áður hafi verið aflað upplýsinga um legu þeirra og samráð verið haft við eiganda fjarskiptavirkisins um tilhögun framkvæmdanna. Þá kemur fram í síðari málslið 3. mgr. sömu greinar að ef jarðrask eða aðrar framkvæmdir hafa leitt til skemmda á fjarskiptavirkjum er tjónvaldi skylt að bæta allt tjón sem af skemmdunum leiðir nema hann sýni fram á að ekki hafi verið komist hjá tjóni þó að fyllstu aðgæslu hafi verið gætt. Ljóst er að grafa í eigu M var notuð þegar strengurinn slitnaði og ætla verður að stjórnandi hennar hafi verið starfsmaður M.

Gögn málsins eru mjög óskýr um tengslin milli M og Seyðisfjarðarkaupstaðar sem verkkaupa þannig að ekki er hægt að fullyrða að framangreindar skyldur skv. 1. mgr. 71. gr. fjarskiptalaganna hafi hvílt á Seyðisfjarðarkaupstað en ekki á M.

Telja verður að M hafi vanrækt skyldur sínar við undirbúning og framkvæmd þess verks sem hér um ræðir. Hann mátti ekki styðjast við frásögn verkkaupa sem lýst er efnislega í gögnum málsins um að engir strengir væru þarna í jörðu. M, sá sem framkvæmdu verkið, hefði þurft að gæta betur að undirbúningi sínum. Vegna þessa má rekja tjónsatburð máls þessa til aðgæsluleysis M ellegar starfsmanna sem hann ber ábyrgð á.

Varðandi “varakröfu” félagsins er rétt að fram komi að umrætt ákvæði skilmála er undanþáguákvæði sem virðist fela í sér varúðarreglu. Nefndin telur með hliðsjón af

atvikum öllum að vátryggingafélagið geti ekki borið umrætt ákvæði fyrir sig í máli þessu.

**Niðurstaða.**

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 30. nóvember 2011

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.